



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 4. febrúar 2021

RMF21020007

3.1.3

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningar til þriggja ára við Bókmenntahátíð í Reykjavík, Caput tónlistarhóp, Harbinger, Jazzhátíð Reykjavíkur, Kammersveit Reykjavíkur og Stórsveit Reykjavíkur

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 8. febrúar sl. voru lagðir fram til samþykktar eftirfarandi hjálagðir samstarfssamningar til þriggja ára: Bókmenntahátíð í Reykjavík 2021-2023, Caput tónlistarhópur 2021-2023, Harbinger 2021-2023, Jazzhátíð Reykjavíkur 2021-2023, Kammersveit Reykjavíkur 2021-2023 og Stórsveit Reykjavíkur 2021-2023.

Samningarnir voru samþykktir og er hér með vísað til borgarráðs.

Arna Schram
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur við Bókmenntahátíð í Reykjavík 2021-2023

Samstarfssamningur við Caput tónlistarhóp 2021-2023

Samstarfssamningur við Harbinger 2021-2023

Samstarfssamningur við Jazzhátíð Reykjavíkur 2021-2023

Samstarfssamningur við Kammersveit Reykjavíkur 2021-2023

Samstarfssamningur við Stórsveit Reykjavíkur 2021-2023

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og sjálfseignarstofnunin Bókmenntahátíð í Reykjavík kt. 560710-0700, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Bókmenntahátíð í Reykjavík á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Bókmenntahátíð í Reykjavík er að:

- vekja athygli á og kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis
- efla Reykjavík sem eina af Bókmenntaborgum UNESCO
- kynna íslenskum lesendum helstu strauma og stefnur í alþjóðlegum og innlendum bókmenntaheimi
- gera Bókmenntahátíð í Reykjavík kleift að bjóða innlendum og erlendum rithöfundum, útgefendum og fræðimönnum til bókmenntahátíðar og skipuleggja með þeim upplestra, fyrirlestra, viðtöl, málþing og kynningar
- tryggja samfellu og framþróun í tvíærri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Bókmenntahátíð í Reykjavík fjárhæðina kr. 4.000.000 árlega á tímabilinu 2021-2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. hvers eftirtaldra mánaða, mars, júní, september og nóvember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Bókmenntahátíðar í Reykjavík nr. 513-14-603117.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breytti fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Bókmenntahátíðar í Reykjavík

Bókmenntahátíð í Reykjavík hefur verið haldin að jafnaði annað hvert ár síðan árið 1985. Hátíðin þykir einstök og hefur orðið öðrum erlendum hátíðum innblástur auk þess sem hún er afar virt og vinsæl á meðal rithöfunda, blaðamanna og útgefenda. Auk erlendra og íslenskra höfunda taka þátt á hverri hátíð erlendir blaðamenn og útgefendur. Hátíðin hefur á liðnum árum stofnað til tveggja verðlauna sem veitt eru á Bókmenntahátíð í Reykjavík, þýðendaverðlauna annars vegar og alþjóðlegra bókmenntaverðlauna sem kennd eru við Halldór Laxness hins vegar.

Markmið Bókmenntahátíðar í Reykjavík er:

- að kynna lesendum og bókaunnendum á Íslandi og í Reykjavík það helsta sem er að gerast í heimi alþjóðlegra bókmennta og ýta undir áhuga lesenda á áhugaverðum og spennandi þýddum bókmenntum. Hátíðin býður til Reykjavíkur helstu rithöfundum samtímans frá öllum heiminum, lætur þýða úr verkum þeirra að hluta eða hvetur til útgáfu þeirra hjá íslenskum útgefendum og býður upp á vettvang þar sem höfundar og lesendur koma saman.

- að halda á lofti umræðu um lýðræði, prentfrelsi og tjáningarfrelsi. Unnið er að því að ná því með bjóða til þátttöku á Bókmenntahátíðinni þátttakendum, höfundum, fræðimönnum, blaðamönnum og útgefendum, sem hafa látið sig þau mál varða og fjallað um þau svo eftir er tekið.
- að kynna íslenskar bókmenntir út á við og styrkja tengsl íslenskra útgefenda við erlenda kollega sína. Það er gert með því að bjóða hingað til lands erlendum útgefendum og ritstjórum og bjóða þeim upp á dagskrá þar sem sjónum er beint að íslenskum höfundum og bókmenntaverkum.
- að vera opin öllum lesendum og áhugafólki um bækur og ýta undir áhuga á bókmenntum í breiðum skilningi þessa orðs. Það er gert með því að hafa á boðstólum spennandi dagskrá á ýmsum stöðum í borginni fyrir alla aldurshópa þar sem aðgangur er ókeypis og opinn öllum. Meðal fjölbreyttra dagskráratriða mætti nefna hringborðsumræður, fyrirlestra, spurningakeppni (pub quiz), upplestra, áritanir og samtöl á sviði.
- að styrkja stöðu Reykjavíkur sem bókmenntaborgar UNESCO. Hátíðin á í góðu samstarfi og samtali við bókmenntaborgina Reykjavík í því skyni og breiðir út lifandi bókmenntalíf um borgina.

Bókmenntahátíð í Reykjavík skuldbindur sig til að skipuleggja og halda bókmenntahátíð í apríl 2021 og 2023 og sinna undirbúningi 2022.

3. gr. Ábyrgð

Bókmenntahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á að starfsemi hátíðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Bókmenntahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Bókmenntahátíð í Reykjavík er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Bókmenntahátíðar í Reykjavík hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Bókmenntahátíð í Reykjavík sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Bókmenntahátíð í Reykjavík birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Bókmenntahátíð í Reykjavík. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Bókmenntahátíðar í Reykjavík fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Bókmenntahátíð í Reykjavík skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Bókmenntahátíð í Reykjavík hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Bókmenntahátíð í Reykjavík hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2022 og 2023. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Bókmenntahátíðar í Reykjavík

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Caput tónlistarhópur, kt. 491188-1629, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Caput tónlistarhóp á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Caput tónlistarhóp er að styðja mikilvægan vettvang fyrir flutning samtímatónlistar á Íslandi.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Caput tónlistarhóp fjárhæðina kr. 2.000.000 árlega á tímabilinu 2021-2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. hvers eftirtaldrá mánaða, mars og september.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Caput tónlistarhóps nr. 0334-26-02448.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breytti fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Caput tónlistarhóps

CAPUT (stofnað 1988) hefur sérstöðu í íslensku tónlistarlífi. Hópurinn er jafnan talinn meðal virtustu flytjenda samtímatónlistar í Evrópu, hefur enda komið fram á mörgum af fremstu tónlistarhátíðum heims, s.s. Holland Festival, Gulbenkian Festival, Warsaw Autumn, Prague Marathon, Santa Cecilia Rome, Bucharest International New Music Week, Toronto New Concert Series, WDR Köln, Takefu Festival í Japan og Beijing Modern Music Festival. Heimsþekkt erlend tónskáld hafa samið verk sérstaklega fyrir hópinn, þ. á m. Fausto Romitelli, Toshio Hosokawa, Bent Sørensen, Jukka Koskinen, Aldo Clementi og Doina Rotaru, sem og flest íslensk samtímatónskáld. Til dagsins í dag hefur Caput gefið út hátt á þriðja tug geisladiska í Bandaríkjunum, Englandi, Ítalíu, Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi og er þá ótalinn fjöldi geisladiska þar sem hópurinn kemur fram ásamt öðrum. Meðal útgáfufyrirtækja eru Deutsche Grammophon, Stradivarius, BIS og Smekkleysa. Caput hafa þrisvar sinnum verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs (1995, 1997 og 2005) og árið 2011 voru þeim veitt heiðursverðlaun Norræna tónskáldaráðsins fyrir framúrskarandi listrænt framlag til norrænnar samtímatónlistar.

Markmið Caput hefur frá upphafi (1988) verið að taka virkan þátt í tónleikahaldi á Íslandi og ávallt að kynna nýja íslenska tónlist. Ein grunnástæða fyrir stofnun hópsins var enda sú að á Íslandi yrði til taks sérþjálfaður hópur framúrskarandi hljóðfæraleikara sem annast gæti flutning á krefjandi samtímatónlist og komið fram á tónlistarhátíðum eins og Myrkum músíkdögum, Norrænum músíkdögum, Ung Nordisk Musik, Listahátíð í Reykjavík, Sumartónleikum í Skálholti og sambærilegum viðburðum hérlandis og erlendis. Hópnum berast á hverju ári fjöldi tilboða erlendis frá um tónleikahald og þátttöku í alþjóðlegum hátíðum og verkefnum. Það skiptir sköpum fyrir þátttöku í slíku samstarfi að geta skuldbundið sig nokkur ár fram í tímann enda byggir slík þátttaka, t.d. í evrópskum styrkjaumsóknum, undantekningalaust á kostnaðarþátttöku allra aðila ásamt staðfestu

mótframlagi styrktarsjóða. Caput sér nú fram á kynslóðaskipti. Yngra fólk úr fremstu röð hefur nú þegar hafið störf hjá hópnum. Má þar nefna Björgu Brjánsdóttir flautuleikara og Grím Helgason klarínettuleikara. Enn fleiri munu koma til starfa á næstu árum og þá er mikilvægt að undirbúa jarðveginn vel því markmið okkar er að skila af sér góðu og samfelldu verki til komandi kynslóðar.

Caput tónlistarhópurinn skuldbindur sig til að annast flutning tónlistar, bæði á tónleikum, upptökum og útgáfu á nýrri íslenskri tónlist á næstu þremur árum. Meðal annars hefur samningur verið gerður við útgáfufyrirtækið heimspekkta Sono Luminus og gert er ráð fyrir að Caput taki upp einn disk á ári að meðaltali. Tónleikar sem fyrirhugaðir eru á næstu tveimur árum eru m.a. á Myrkum músíkdögum, á Norrænum músíkdögum, í samstarfi við Listahátíð, í samstarfi við Listaháskóla Íslands og með fjölmörgum íslenskum og erlendum samtíma tónskáldum.

3. gr. Ábyrgð

Caput tónlistarhópurinn ber ábyrgð á að starfsemi hópsins fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Caput tónlistarhópurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem hópurinn eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Caput tónlistarhópurinn er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Caput tónlistarhópsins hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Caput tónlistarhópurinn sé styrktur af Reykjavíkurborg og skal Caput tónlistarhópurinn birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Caput tónlistarhópinn. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Caput tónlistarhópsins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Caput tónlistarhópurinn skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Caput tónlistarhópurinn hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Caput tónlistarhópurinn hefur sýnt fram á að hann muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2022 og 2023. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Caput tónlistarhópsins

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Harbinger sýningarrými, kt. 501201-2780, Freyjugötu 18, 101 RVK, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Harbinger sýningarrými á tímabilinu 1.1.2021 – 31.12.2023

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Harbinger er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg og efla vitund almennings um íslenska samtímalist með því að styðja við rekstur á Harbinger sýningarrými og starsemi á þess vegum. Harbinger sýnir eingöngu samtímalist og leggur upp með að velja sýningar sem eiga erindi við samfélagið.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Harbinger sýningarými fjárhæðina kr. 1.000.000 árlega á tímabilinu 2021-2023.

Greiðsla framlags er eingreiðsla á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. mars

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Harbinger sýningarrýmis nr. 0101-26-022770.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breytti fjárveitingu.

2. gr. Markmið og framlag Harbinger

Harbinger hefur starfað frá árinu 2014 og haldið að meðaltali 10 sýningar á ári auk fjölmargra viðburða. Harbinger býður listamönnum til sýningarhalds og kostar alla umgjörð sýninganna. Harbinger leggur áherslu á að veita breiðum hópi listamanna sýningatækifæri, að vera vettvangur fyrir skörun ólíkra hópa og að setja upp metnaðarfullar sýningar sem eiga mikilvægt erindi innan myndlistarheimsins á Íslandi. Stöðug aðsókn að sýningum og eftirsókn eftir sýningahaldi sýna fram á það veigamikla hlutverk sem Harbinger gegnir. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreyttri flóru sýningarstaða svo að sem flestir geti tekið þátt í samtalinu innan myndlistarsenunnar.

Markmiðin með starfsemi Harbinger eru:

- að viðhalda fjölbreytni í sýningarflóru borgarinnar og veita ákveðið mótvægi við listastofnanir, en aðstandendur Harbinger telja afar mikilvægt að myndlist fái einnig að dafna á sjálfsprottinn og óstofnanavæddan hátt
- að veita breiðum hópi listamanna færi á að sýna verk sín, hvort sem er á einkasýningum eða samsýningum
- að veita fleiri einstaklingum og hópum færi á að eiga framlag til myndlistarsenunnar, bæði sem listamenn, en einnig sem sýningarstjórar. Því hefur Harbinger haft þann háttinn á að bjóða listamönnum að sýningarstýra rýminu í lengri eða skemmri tíma, svo að úr verði gróskumikið starf undir áhrifum fleiri aðila, samtal en ekki einræða, og að fleiri sjónarhorna verði notið við
- að vinna gegn lagskiptingu myndlistarsamfélagsins og þannig hefur Harbinger frá upphafi boðið ólíkum listamönnum til sýningarhalds, ungum jafnt sem öldnum, til þess að leggja

áherslu á það sem sameinar og undirstrika það að öll erum við samstarfsmenn og samtímamenn þvert á kynslóðir

Harbinger skuldbindur sig til að sýna að meðaltali um 10 sýningar á ári auk þess að standa fyrir hinum ýmsu listviðburðum.

3. gr. Ábyrgð

Harbinger ber ábyrgð á að starfsemi sýningarrýmisins fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Harbinger ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Harbinger er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Harbinger, jafnt hérlandis sem erlendis, skal koma fram að Harbinger sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Harbinger birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Harbinger. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Harbinger fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Harbinger skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur Harbinger hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Harbinger hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2022 og 2023. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík xx. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Harbinger sýningarrýmis

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Jazzhátíð Reykjavíkur, kt. 610591-1409, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Jazzhátíð Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Jazzhátíð Reykjavíkur er að:

- hlúa að fjölbreytileika í íslensku tónlistarlífi
- vekja athygli á og kynna íslenska jazztónlistarmenn hér á landi og erlendis
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Jazzhátíð Reykjavíkur fjárhæðina kr. 3.500.000 árlega á tímabilinu 2021-2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. hvers eftirtalda mánaða, mars, júní og september

kr. 500.000 1.-3. nóvember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Jazzhátíðar Reykjavíkur nr. 130-26-801409.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Jazzhátíðar Reykjavíkur

Jazzhátíð Reykjavíkur hefur verið haldin árlega síðan 1990 og á þeim tíma hefur orðið mikil efling á sviði jazztónlistar á Íslandi. Stefna hátíðarinnar er að sýna mikla breidd og að höfða til sem flestra, þannig að hugtakið jazz er á hátíðinni, notað í víðum skilningi sem er í takt við þá skörun sem hefur orðið á ýmsum tónlistarstefnum við jazztónlist í seinni tíð.

Markmið Jazzhátíðar Reykjavíkur er

- að bjóða áhorfendum og gestum upp á fyrsta flokks jazz- og spunatónlist, bæði innlenda og erlenda. Jazzhátíð Reykjavíkur er stærsti viðburður á Íslandi sem setur þessa tegund tónlistar í öndvegi og markmiðið er að vera á pari við sambærilegar hátíðir í nágrannalöndum okkar og í Evrópu hvað gæði og umgjörð varðar.
- að búa til fyrirmyndarvettvang fyrir íslenskt tónlistarfólk til að flytja sína tónlist fyrir innlenda jafnt sem erlenda áheyrendur og auka möguleika þess á að koma sér á framfæri erlendis með því að bjóða hingað fagaðilum úr geiranum að utan.
- að kynna Reykjavík sem kraumandi tónlistarborg þar sem jazz- og spunatónlist á sinn sess og gera borgina sýnilegri sem spennandi áfangastað til að heimsækja.
- að styðja við samstarf innlendra og erlendra listamanna sem oft skilar sér í auknu tónleikahaldi íslensks tónlistarfólks erlendis. Aukin alþjóðleg samskipti stuðla að aukinni

dreifingu íslenskrar tónlistar um allan heim. Að brúa bilið milli yngri og eldri eða reyndari jazzleikara.

- að leitast við að leiðrétta kynjahallann eins og kostur er þegar kemur að vali á atriðum á hátíðina.

Jazzhátíð Reykjavíkur skuldbindur sig til að skipuleggja og framkvæma hátíð sem fer fram á u.þ.b. viku ár hvert (lok ágúst og/eða byrjun september). Einnig er um að ræða þátttöku Jazzhátíðar í evrópsku samstarfi Europe Jazz Network, samstarf við menningar- og ferðamálasvið, Tónlistarborgina Reykjavík, ÚTÓN og markaðssetningu hátíðarinnar erlendis.

3. gr. Ábyrgð

Jazzhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi hátíðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Jazzhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Jazzhátíð Reykjavíkur er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Jazzhátíðar Reykjavíkur hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Jazzhátíð Reykjavíkur sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Jazzhátíð Reykjavíkur birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Jazzhátíð Reykjavíkur. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Jazzhátíðar Reykjavíkur fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Jazzhátíð Reykjavíkur skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Jazzhátíð Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Jazzhátíð Reykjavíkur hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áranna 2022 og 2023. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Jazzhátíðar Reykjavíkur

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Kammersveit Reykjavíkur, kt. 620574-0159, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Kammersveit Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Kammersveit Reykjavíkur er að styðja við árlega starfsemi hljómsveitarinnar í Hörpu og öfluga þátttöku hennar í tónlistarlífi borgarinnar sem flaggskips kammertónlistar í Reykjavík.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Kammersveit Reykjavíkur fjárhæðina kr. 2.000.000 árlega á tímabilinu 2021-2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. hvers eftirtaldrá mánaða, mars og september.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Kammersveitar Reykjavíkur nr. 515-26-705590.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Kammersveitar Reykjavíkur

Kammersveit Reykjavíkur hefur starfað óslitið frá stofnun 1974 og hefur frá upphafi haldið úti tónleikaröð með fjölbreyttu efnisvali. Kammersveitin skipar nú sess í tónlistarlífi Reykjavíkur sem sinfóníetta, eða millistærð af hljómsveit. Samstarf Kammersveitarinnar og íslenskra tónskálda hefur á þessum áratugum verið farsælt, en Kammersveitin hefur frumflutt ótal verk og gefið út fjölmarga diska með verkum þeirra auk annarrar útgáfu. Hjá Kammersveitinni ríkir algjört jafnrétti og hópur hljóðfæraleikaranna skiptist nokkuð jafnt milli karla og kvenna. Sama gildir um ábyrgðarstöður, verkefnavalsnefnd og verkefnastjórn. Við verkefnaval er einnig leitast við að taka tillit til kynjasjónarmiða, sérstaklega þegar kemur að því að panta og leika ný verk.

Kammersveitin vinnur náið með íslenskum tónskáldum, frumflytur og hljóðritar verk þeirra og stendur fyrir útgáfu á tónlist. Hún flytur athyglisverð tónverk frá öllum tímabilum tónlistarsögunnar á tónleikum sínum og lykilverk merkra erlendra tónskálda hljóma oft í fyrsta sinn á Íslandi í flutningi Kammersveitarinnar. Frumflutningur nýrra íslenskra verka er eitt af lykilhlutverkum hljómsveitarinnar og hefur hún sinnt því hlutverki af alúð síðustu ár.

Kammersveit Reykjavíkur er mjög mikilvæg stoð í íslensku tónlistarlífi og er að sinna mikilvægum hlustendahópi með meðalstórrri hljómsveit sem aðrir kammerhópar eru ekki að bjóða uppá. Kammersveitin frumflytur árlega nýja íslenska tónlist, rifjar upp eldri íslensk verk og flytur gömul og ný erlend verk. Efnisskráin er mjög fjölbreytt og viðheldur fjölbreytni í íslensku tónlistarlífi og er hluti af öflugri kammertónlistarröð í Hörpu, Sígildum sunnudögum. Með útgáfu á nýjum kammerverkum er mikilvægri skráningu og dreifingu á nýjum verkum sinnt af alúð. Með samvinnu við

RÚV náum við til allra landsmanna. Jólatónleikar hljómsveitarinnar í desember 2020 voru valdir af Ríkisútvarpinu sem fulltrúi Íslands á jólatónleikadegi EBU (European broadcasting union) og halda þar með nafni Reykjavíkur og Íslands á lofti í alþjóðlegri menningarstarfsemi. Aðsókn að tónleikum hljómsveitarinnar er yfirleitt mjög góð, sem dæmi um að á lokatónleikum Myrkra músikdaga 2020 var leikið fyrir fullum sal í Norðurljósum í Hörpu. Það sýnir gríðarlega áhuga á starfseminni og því starfi sem þar fer fram.

Kammersveit Reykjavíkur skuldbindur sig til að halda ekki færri en ferna tónleika hvert ár og flesta í Hörpu.

3. gr. Ábyrgð

Kammersveit Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi sveitarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Kammersveit Reykjavíkur ber ábyrgð á skuldbindingum sem sveitin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Kammersveit Reykjavíkur er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Kammersveitar Reykjavíkur hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Kammersveit Reykjavíkur sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Kammersveit Reykjavíkur birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Kammersveit Reykjavíkur. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Kammersveitar Reykjavíkur fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Kammersveit Reykjavíkur skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Kammersveit Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Kammersveit Reykjavíkur hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áranna 2022 og 2023. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Kammersveitar Reykjavíkur

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Stórsveit Reykjavíkur, kt. 520593-2259, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Stórsveit Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Stórsveit Reykjavíkur er að styðja við starfsemi Stórsveitarinnar og öfluga þátttöku hennar í tónlistarlífi borgarinnar, jafnframt því að hlúa að fjölbreytileika í íslensku tónlistarlífi. Stórsveitin er einstæð í íslenski tónlistarflóru, nokkurskonar símfóníuhljómsveit hryngeirans. Sveitin flytur nýja íslenska tónlist, nýja erlenda tónlist, sögulega tónlist og á í samstarfi við ólíka aðila í tónlistarlífinu.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Stórsveit Reykjavíkur fjárhæðina kr. 3.000.000 árlega á tímabilinu 2021-2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. hvers eftirtalda mánaða, mars, júní og september.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Stórsveitar Reykjavíkur nr. 0513-26-008595

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breytti fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Stórsveitar Reykjavíkur

Stórsveit Reykjavíkur var stofnuð í febrúarmánuði 1992. Sveitin telur 17 hljóðfæraleikara sem allir eru vel menntaðir atvinnutónlistarmenn, þar af nokkrir af fremstu jazztónlistarmönnum þjóðarinnar. Í heimi rytmískrar tónlistar á Íslandi skipar stórsveit svipaðan sess og Símfóníuhljómsveit Íslands gerir í klassískri tónlist. Hún er fjölmennasti tónlistarhópur landsins á þessu sviði, samnefnari þeirra sem leggja með alvarlegum hætti stund á aðra tónlist en klassíska. Stórsveit Reykjavíkur hefur á undanförunum 28 árum haldið rúmlega þrjúhundruð tónleika víðsvegar í Reykjavík og einnig á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Hún hefur lagt sig eftir breiðum stíl tónlistarlega séð; flutt nýja og framsækna íslenska og erlenda tónlist, en einnig leikið vinsæl eldri verk með vinsælustu söngvurum þjóðarinnar. Þannig spanna fáir tónlistarhópar álíka breidd og Stórsveit Reykjavíkur, frá hinu nýjasta og sértækasta til hins alþýðlegasta. Stórsveitin heldur að jafnaði átta tónleika á hverju starfsári. Sveitin hefur sent frá sér 12 geisladiska. Fjölmargir innlendir og erlendir gestir hafa komið fram með hljómsveitinni á liðnum árum sem einleikarar, einsöngvarar og gestastjórnendur.

Meginmarkmið verkefnisins er metnaðarfullt tónleikahald Stórsveitar Reykjavíkur; flutningur nýrrar og gamallar tónlistar með innlendum og erlendum gestum í fremstu röð. Markmið Stórsveitar Reykjavíkur eru eftirfarandi:

- að flytja nýja tónlist, bæði íslenskra og erlendra, með sérstaka áherslu á frumflutning
- að flytja klassíska stórsveitatónlist frá ólíkum tímabilum jazzsögunnar
- að starfa með stjórnendum og einleikurum í fremstu röð

- að blanda saman stefnum og straumum
- að kynna stórsveitatónlist fyrir ungu fólki
- að hljóðrita bæði alvarlega og léttari tónlist fyrir stórsveit
- að vera sterkt afl, bæði í tónlistarlífi höfuðborgarinnar og landsins alls
- að nálgast öll verkefni af vandvirkni og metnaði

Stórsveit Reykjavíkur skuldbindur sig til tónleikahalds frá ársbyrjun 2021 til áramóta 2023/2024. Starfsár Stórsveitarinnar er á tímabilinu september til maí en stöku sinnum fara einnig fram tónleikar á sumarmánuðum. Gert er ráð fyrir átta atburðum, föstum liðum, á ári næstu þrjú árin.

3. gr. Ábyrgð

Stórsveit Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi sveitarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Stórsveit Reykjavíkur ber ábyrgð á skuldbindingum sem sveitin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Stórsveit Reykjavíkur er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Stórsveitar Reykjavíkur hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Stórsveit Reykjavíkur sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Stórsveit Reykjavíkur birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Stórsveit Reykjavíkur. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Stórsveitar Reykjavíkur fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Stórsveit Reykjavíkur skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Stórsveit Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Stórsveit Reykjavíkur hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áranna 2022 og 2023. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Stórsveitar Reykjavíkur

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift: